

**Ed.**

**10. Frumvarp til laga**

[10. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1959.)

**1. gr.**

1. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal innheimta á árinu 1960 20 aura af hverjum lítra, þar af skulu 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.
2. Bifreiðaskattur samkvæmt c.—e-liðum 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 fyrir árið 1959, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1960, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1960, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
3. Á árinu 1960 skal innheimta innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 með 6 — sex — krónum af hverju kg af hjólbörðum og gúmmislöngum á bifreiðar.  
Álögin á innflutningsgjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir framlengingu ákvæða um sama efni, sem nú eru í lögum nr. 65/1958.